

LÖG

um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (fjöldi dómara).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Varadómari skal fullnægja skilyrðum til að skipa megi hann í embætti hæstaréttardómara, sbr. 2. og 3. mgr. 4. gr., en ákvæði 5. mgr. 31. gr. um aldurshámark gilda ekki um varadómara.

2. gr.

Á eftir 1. málsl. 3. mgr. 9. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Þó er heimilt að setja dómara skv. 1. mgr. þótt hann hafi náð 70 ára aldri.

3. gr.

Í stað ártalsins „2013“ í 43. gr. laganna kemur: 2014.

4. gr.

44. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Við löginn bætist ný grein, 46. gr., svohljóðandi:

Ef sérstaklega stendur á vegna anna má ráðherra, þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 8. gr., skipa varadómara samkvæmt tillögu forseta Hæstaréttar til að taka sæti í tilteknu máli við dóminn þótt sæti einskis hæstaréttardómara sé autt vegna vanhæfis, leyfis eða forfalla.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2013.

Ákvæði 46. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga þessara, fellur úr gildi 31. desember 2015.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 2012.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ásta R. Jóhannesdóttir.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Ögmundur Jónasson.